



## Hagur veiða og vinnslu 2022

### Profitability in fishing and fish processing 2022

#### Samantekt

Hagnaður fyrirtækja í fiskveiðum og vinnslu fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs hækkaði á milli ára 2021 og 2022. Frá árinu 2021 hækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 34,8% í 37%, í fiskveiðum hækkaði það úr 23,6% árið 2021 í 24,6% af tekjum árið 2022 og í fiskvinnslu úr 18,1% í 21,1%.

Hreinn hagnaður (EBT) þessara fyrirtækja samkvæmt árgreiðsluáðferð nam 26,3% árið 2022 samanborið við 22% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn tæpum 85 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð rúmum 35 milljörðum króna. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð nam hagnaðurinn tæpum 88 milljörðum króna eða 27,3% af tekjum árið 2022 borið saman 27% árið áður.

## Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur af fiskveiðum og útflutningsverðmæti sjávarafurða.

Úrvinnsla Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil og er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga. Geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja.

Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti þessi nálgun orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu. Þetta er þó ekki einhlýtt þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin á niðurstöður eru líklega ekki mikil enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um 90% af veltu greinarinnar.

Eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi hefur verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.

Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2022 sem er fært upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2016-2022. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 859 í úrtaki Hagstofunnar árið 2022 auk dreifingar eiginfjárhlutfalls í sjávarútvegi 2021-2022.

Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí-ágúst fiskveiðiárið 2022 voru veiddar um 12.563 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 615 báta sem stunda aðallega strandveiðar en einhverjir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2022 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum (b.t.).

Birt er rekstraryfirlit báta >10-30 b.t. í töflu 12 og er rekstraryfirlitið dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta >10-200 b.t. Bátar >10-30 b.t. eru 188 en bátar >30-200 b.t. eru 71. Tafla 11 er ekki birt að þessu sinni þar sem ekki lágu fyrir nægar upplýsingar um uppsjávarfrystiskip sem frystu meira en 50% af uppsjávarafli.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraraðila en þær nægja ekki einar til þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni.

## Niðurstöður

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins jókst á milli áráanna 2021 og 2022. Í fiskveiðum og -vinnslu hækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 34,8% í 37%. Í fiskveiðum hækkaði hlutfallið úr 23,6% árið 2021 í 24,6% árið 2022 og í fiskvinnslu hækkaði hlutfallið úr 18,1% í 21,1%. Í fjárhæðum fór hlutdeildin (EBITDA) í sjávarútvegi alls úr tæpum 79 milljörðum króna árið 2021 í rúma 119 milljarða króna árið 2022.

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluaðferð, jókst úr 22,5% af tekjum árið 2021 í 23,1% árið 2022. Hreinn hagnaður botnfiskveiða jókst úr 14% af tekjum í 15,7% en hagnaður botnfiskvinnslu dróst saman úr 17,9% af tekjum í 15%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og -bræðslu fór úr 28,1% í 42,5%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 26,3% af tekjum, að frárdregnum milliviðskiptum með hráefni árið 2022, en var 22% árið 2021. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn rúmum 85 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð tæpum 35 milljörðum króna. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frárdregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

Útflutningsverðmæti sjávarútvegs jókst um 7,3% og nam rúmum 323 milljörðum króna á árinu 2022. Verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi hækkaði um 17,3% og magn útfluttra sjávarafurða jókst um 0,9%. Hlutfall olíu af tekjum í veiðum hækkaði úr 9,1% af tekjum í 11,2% af tekjum. Gengi USD styrktist um 6,6% og gengi EUR veiktist um 2,8% á milli ára. Heildarálagning veiðigjalds útgerðarinnar var svipað árin 2021 og 2022 eða 7,9 milljarðar króna með afslætti. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði. Ný lög um veiðigjöld tóku gildi í ársbyrjun 2019.

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu á árinu 2022. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 35,4% og EBITDA uppsjávarveiðiskipa 30%. Ferskfiskvinnsla jókst um 19,3% að verðmæti, verg hlutdeild fjármagns var 16% og hreinn hagnaður 11,4%.

Afkoma smábáta batnaði á árinu 2022. Alls voru 768 smábátar að veiðum og öfluðu tæplega 20 þúsund tonna að verðmæti tæplega 6,7 milljarða króna. Af þessum 768 smábátum voru 615 bátar, flestir minni en 10 b.t., við strandveiðar á árinu 2022. Afli þeirra var um 12.600 tonn og aflaverðmætið tæplega 4,7 milljarðar króna. EBITDA smábáta í heild var 17,7% og þar af strandveiðanna 16,8%. EBITDA báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 19,8%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 b.t..

Munur er á afkomu sjávarútvegsins í heild árið 2022 er frekar lítil þegar milliviðskipti hafa verið felld út eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 26,3% skv. árgreiðsluaðferðinni en 27,3% skv. hefðbundnu aðferðinni. Munurinn stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð og er hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er gjaldfærsla fólgin í árgreiðsluaðferðinni sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Í hefðbundnu uppgjöri er vaxtakostnaður gjaldfærður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé. Taka skal fram að óreglulegar tekjur og gjöld hafa í gegnum tíðina ekki verið tekin með inn í hagnað eða tap fyrirtækjanna fyrir tekjuskatt enda þótt það ætti skv. skattalegum reglum að gera það. Þar sem ársreikningar í úrtaki eru uppfærðir til heildar getur uppfærslan orðið misvísandi.

Hjá strandveiðibátum og einnig smábátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá váttryggingaverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há.

Úr flokknum bátar >10-200 b.t. var tekið úrtak báta >10-30 b.t. Alls 188 bátar reyndust vera >10-30 b.t. og 36 bátar >30-200 b.t. Í flokknum alls var EBITDA 21,3% eða tæplega 6,7 milljarðar króna.

Bátar >10-30 b.t. voru með 23% EBITDA eða tæpan 5,1 milljarð króna og bátar yfir 30 tonnum voru með 17,5 % EBITDA eða um 1,7 milljarða króna.

Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu sérstaklega árið 2022 og er hún því samantekin með annarri frystingu í fiskvinnslu.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2022 tæpar 1.047 milljarðar króna, heildarskuldir tæpir 542 milljarðar króna og eigið fé tæpir 589 milljarðar króna. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli fastafjármuna og eiginfjár vegna mats á hlutdeild í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja en þær námu 137 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna hækkaði um 9,8% frá 2021 og fjárfestingar í varanlegum eignum hækkuðu um 9,9%. Skuldir hækkuðu um 4,3%. Eiginfjárlutfallið reyndist 56,3% í árslok 2022 en var 45,5% í árslok 2021. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2021 og 2022.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is).

## English summary

Statistics Iceland has compiled and analysed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2022 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of the industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total increased between 2021 and 2022 or from 22% to 26.3% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before, or from 22,5% of revenue to 23,1%. Net profit of fishing of demersal species increased from 14% to 15,7% and net profit of processing of demersal species decreased from 17.9% to 15%. There was also an increase in net profit in fishing and processing of fishmeal and fishoil from 28.1% to 42.5%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are 1.047 billion ISK, liabilities are worth of 542 billion ISK and equity 589 billion ISK.

Comparable time series for previous years are available on the website of Statistics Iceland, [www.statice.is](http://www.statice.is).

**Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluáferð og 6% ávöxtun**

Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return

Hlutfall af tekjum	Percent of revenue	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<b>1.</b>	<b>Sjávarútvegur í heild<sup>1,2</sup> Fishing and fish processing, total<sup>1,2</sup></b>	<b>14,3</b>	<b>7,1</b>	<b>12,2</b>	<b>19,0</b>	<b>20,1</b>	<b>22,0</b>	<b>26,3</b>
<b>1.1</b>	<b>Veiðar og vinnsla botnfisks<sup>2</sup></b>							
	<i>Fishing and fish processing of demersal species<sup>2</sup></i>	<b>18,4</b>	<b>9,4</b>	<b>13,9</b>	<b>17,6</b>	<b>18,4</b>	<b>22,5</b>	<b>23,1</b>
<b>1.1.1</b>	<b>Botnfiskveiðar Fishing of demersal species</b>	<b>14,0</b>	<b>3,9</b>	<b>6,4</b>	<b>11,9</b>	<b>13,9</b>	<b>14,0</b>	<b>15,7</b>
	Bátar Boats	12,8	3,1	2,5	13,7	12,9	7,8	10,4
	Togarar Trawlers	15,3	2,4	2,3	9,1	12,2	11,5	11,1
	Frystiskip Freezing vessels	15,0	6,0	14,7	15,5	19,0	23,0	20,5
<b>1.1.2</b>	<b>Botnfiskvinnsla Processing of demersal species</b>	<b>10,1</b>	<b>9,1</b>	<b>12,6</b>	<b>13,5</b>	<b>12,6</b>	<b>17,9</b>	<b>15,0</b>
	Frysting Freezing	13,9	12,8	13,7	15,8	13,9	20,0	16,4
	Söltun Salting	1,5	-0,3	10,1	8,2	9,8	11,4	11,2
<b>1.2</b>	<b>Veiðar og vinnsla rækju<sup>2</sup> Fishing and processing of shrimp<sup>2</sup></b>	-	-	-	-	-	-	-
<b>1.3</b>	<b>Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla<sup>2</sup></b>							
	<i>Fishing and processing of pelagic fish<sup>2</sup></i>	<b>12,4</b>	<b>3,7</b>	<b>7,6</b>	<b>14,0</b>	<b>19,2</b>	<b>28,1</b>	<b>42,5</b>

<sup>1</sup> Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. Included here are fishing and processing of demersal species, shrimp, and pelagic fish. Pelagic freezers are included in freezing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.

<sup>2</sup> Miðað er við tekjur greinanna alls að frádrögnum milliviðskiptum með hráefni. The income exclude transactions of raw material between enterprises.

**Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2022**

Table 2. Operating accounts of fishing 2022

Milljónir króna Million ISK	Bátar		Bátar		Uppsjávar- veiðiskip Pelagic vessels	Ísfisk- togarar Fresh fish trawlers	Frysti- Togarar Freezer Trawlers
	undir 10 b.t. Boats less than 10 GT	10–200 b.t. Boats 10–200 GT	Bátar >200 b.t. Boats over 200 GT	Alls Total			
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>204.672</b>	<b>6.939</b>	<b>31.559</b>	<b>31.832</b>	<b>47.011</b>	<b>51.252</b>	<b>36.080</b>
1.1 Seldur afli Catches	48.116	–	–	1.934	381	11.764	34.037
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	146.885	6.693	29.311	28.763	44.458	36.647	1.013
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	9.671	246	2.248	1.134	2.172	2.841	1.029
<b>2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>154.352</b>	<b>5.713</b>	<b>24.825</b>	<b>25.855</b>	<b>32.909</b>	<b>38.714</b>	<b>26.336</b>
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	51.928	1.006	8.299	9.087	10.150	12.707	10.679
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	6.620	–	1.079	1.181	1.320	1.652	1.388
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	10.895	117	1.462	1.516	2.436	2.979	2.385
2.4 Olíur <i>Oil</i>	23.010	274	1.261	3.577	7.628	5.838	4.432
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	7.409	37	1.587	1.361	2.422	1.179	823
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	11.757	464	1.615	1.876	2.878	2.965	1.959
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	753	–	–	–	–	–	753
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	1.552	384	357	337	26	341	107
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	1.683	1	103	90	589	136	764
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	2.709	139	783	787	715	207	78
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.763	175	323	179	396	491	199
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	2.211		215	196	124	1.565	111
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	3.846	2	546	470	573	1.610	645
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	28.217	3.113	7.195	5.198	3.653	7.044	2.013
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>							
<i>Share of capital, gross</i>	<b>50.320</b>	<b>1.226</b>	<b>6.734</b>	<b>5.977</b>	<b>14.101</b>	<b>12.538</b>	<b>9.744</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	24,6	17,7	21,3	18,8	30,0	24,5	27,0
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	8.801	658	755	493	3.562	2.178	1.156
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	7.255	161	2.167	1.561	990	1.163	1.213
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i></b>	<b>48.773</b>	<b>729</b>	<b>8.146</b>	<b>7.045</b>	<b>11.530</b>	<b>11.523</b>	<b>9.801</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	23,8	10,5	25,8	22,1	24,5	22,5	27,2
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	23.659	1.313	1.855	3.423	7.880	6.838	2.349
<b>8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i></b>	<b>26.661</b>	<b>-87</b>	<b>4.878</b>	<b>2.553</b>	<b>6.222</b>	<b>5.699</b>	<b>7.395</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	13,0	-1,3	15,5	8,0	13,2	11,1	20,5

**Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2022 (frh.)**

Table 2. Operating accounts of fishing 2022 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Bátar undir 10 b.t. Boats Alls Total	Bátar 10–200 b.t. Boats 10–200 GT	Bátar >200 b.t. Boats over 200 GT	Uppsjárvar- veiðiskip Pelagic vessels	Ísfisk- togarar Fresh fish trawlers	Frysti- togarar Freezer trawlers	
<b>Upplýsingar um skip Characteristics of vessels</b>							
Fjöldi Fleet – number of vessels	1.105	768	224	46	23	11	
Brúttótonn (b.t. – meðaltal) Fleet – average GT	935	6	31	550	2.670	2.273	
Skráð lengd (metrar – meðaltal)							
Fleet – average length	25	9	14	38	75	70	
Vélarstærð (kW) Fleet – average kW	1.335	136	281	716	4.770	3.641	
Meðalsmíðarár Fleet – building year	1995	1989	1996	1989	2005	1987	
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna Insurance value, million ISK	198.231	11.004	15.543	28.684	66.021	57.297	19.682
<b>Afli (þúsund tonn) Volume (thousand tonnes)</b>							
Þorskur Cod	243,6	14,1	58,8	61,4	0,2	85,9	23,1
Ýsa Haddock	57,0	0,3	12,1	14,0	0,0	22,5	8,1
Ufsi Saithe	62,0	2,5	2,8	8,9	0,0	32,3	15,5
Karfi Redfish	39,7	0,1	0,6	3,7	0,0	21,6	13,6
Humar Lobster	0,0	–	–	0,0	–	0,0	–
Rækja Shrimp	2,5	–	0,3	0,0	–	2,2	–
Síld Herring	71,6	–	–	0,0	65,5	0,0	6,0
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	112,7	–	–	–	108,3	–	4,4
Loðna Capelin	449,9	–	–	–	435,0	–	15,0
Kolmunni Blue withing	191,8	–	–	–	182,1	–	9,7
Makrill	129,9	0,0	0,1	–	124,7	0,0	5,0
Annað Other	53,9	2,3	16,1	13,8	0,3	8,2	13,1
<b>Verðmæti (milljónir kr.) Value (million ISK)</b>							
Þorskur Cod	85.352	5.653	20.442	19.784	16	26.197	13.260
Ýsa Haddock	20.638	101	4.455	4.068	0	7.536	4.477
Ufsi Saithe	14.470	501	577	1.563	1	6.225	5.603
Karfi Redfish	9.767	42	221	928	2	5.460	3.113
Humar Lobster	2	–	–	2	–	–	–
Rækja Shrimp	832	–	72	14	–	746	–
Síld Herring	4.568	–	–	–	4.105	–	463
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	7.574	–	–	–	7.034	–	541
Loðna Capelin	19.513	–	–	–	18.731	–	783
Kolmunni Blue withing	6.713	–	–	–	6.388	–	325
Makrill Mackerel	9.322	2	22	–	8.551	–	747
Annað Other	16.252	393	3.527	4.338	10	2.246	5.738

**Skýringar Notes:** Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað upp þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeildar sem eru með í úrtakinu eru 100% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 98% af tekjum báta 10-200 brúttótonnu, 73% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 76% af tekjum uppsjárveiðiskipa, 67% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 83% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjáravafa. These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 100%; boats 10-200 GRT 98%; boats over 200 GRT 73%; pelagic vessels 76%; fresh fish trawlers 67% and freezer trawlers 100% or 89% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.



**Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2022**

Table 3. Operating accounts of fish processing 2022

Milljónir króna Million ISK	Samtals Total	Frysting og rækjuvinnsla Freezing and shrimp prod.	Söltun og hersla Salting and drying	Mjöl- vinnsla and fishoil Fish meal and fishoil	Ferskfisk vinnsla Fresh fish processing
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>327.493</b>	<b>124.387</b>	<b>41.406</b>	<b>67.768</b>	<b>93.931</b>
1.1 Útflutningstekjur <i>Export production</i>	274.676	106.382	39.671	64.854	63.768
1.2. Innanlandssala afurða <i>Domestic sale of products</i>	31.201	15.548	1.347	-302	14.608
1.3. Seldur afli - Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	3.156	3	140	3.000	13
1.4. Aðrar tekjur <i>Other income</i>	18.460	2.455	248	216	15.542
<b>2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>213.271</b>	<b>79.001</b>	<b>29.564</b>	<b>39.656</b>	<b>65.050</b>
2.1. Hráefni <i>Raw fish</i>	168.986	60.719	22.126	30.736	55.405
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	4.257	1.062	622	1.916	657
2.3 Olíur <i>Oil</i>	2.194	183	8	1.945	58
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	405	176	62	97	70
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	15.570	9.885	2.020	341	3.324
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	6.480	1.858	864	1.909	1.849
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	7.751	2.910	786	2.124	1.931
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	7.629	2.209	3.076	589	1.755
<b>3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i></b>	<b>114.222</b>	<b>45.387</b>	<b>11.842</b>	<b>28.112</b>	<b>28.881</b>
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	40.079	17.050	6.271	3.228	13.531
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	4.996	3.489	326	905	276
<b>6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i></b>	<b>69.147</b>	<b>24.848</b>	<b>5.245</b>	<b>23.980</b>	<b>15.074</b>
<b>Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i></b>	<b>21,1</b>	<b>20,0</b>	<b>12,7</b>	<b>35,4</b>	<b>16,0</b>
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	7.272	2.781	916	880	2.696
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	61.874	22.067	4.329	23.100	12.378
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	8.059	3.349	1.452	1.563	1.695
<b>10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i></b>	<b>53.816</b>	<b>18.718</b>	<b>2.877</b>	<b>21.537</b>	<b>10.683</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	16,4	15,0	6,9	31,8	11,4
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	10.916	4.356	1.311	1.422	3.827
<b>12. Hreinn hagnaður <i>Net profit (12.=6.-11.)</i></b>	<b>58.231</b>	<b>20.492</b>	<b>3.934</b>	<b>22.558</b>	<b>11.247</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i>	17,8	16,5	9,5	33,3	12,0

**Skýringar: Notes:** Við gerð þessa yfirlits hefur úrtakið í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað upp þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af 80% af útflutningi landfrysts botnfisks, 70% af útflutningi botnfisksöltunar, 100% af útflutningi mjölvinnslu og 65% af útflutningi ferskra afurða. sem gerir um 87% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talin með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. *These operating accounts are of complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 80%; Salted fish 70%; fish meal and oil 100%; fresh fish export 65%. or 87% of the total. A separate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in freezing production.*

**Tafla 4. Efnahagsfirlit sjávarútvegs 2016–2022**

Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2016-2022

Milljónir króna / Million ISK	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
<b>1. Veltufjármunir / Current assets</b>	<b>118.707</b>	<b>104.865</b>	<b>108.069</b>	<b>111.747</b>	<b>113.353</b>	<b>149.781</b>	<b>160.344</b>
1.1 Sjóður og bankainnistæður Cash and bank time deposits	29.264	32.129	26.035	43.335	37.080	70.981	75.056
1.2 Viðskiptakröfur Business claims	40.556	35.619	44.073	37.928	42.246	46.545	46.827
1.3 Birgðir / Stocks	32.271	31.257	30.507	29.991	33.805	31.347	31.347
1.4 Aðrir veltufjármunir Other current assets	16.616	5.860	7.454	492	223	908	7.114
<b>2. Fastafjármunir / Fixed assets</b>	<b>502.651</b>	<b>538.795</b>	<b>601.033</b>	<b>674.175</b>	<b>716.365</b>	<b>803.597</b>	<b>886.207</b>
2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur Investments and long term claims	85.169	104.595	120.003	123.270	135.266	191.581	204.481
2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir Property, plant and equipments	160.957	172.025	166.016	196.536	204.117	225.059	247.245
2.3 Aðrar eignir / Other assets	256.525	262.175	315.015	354.369	376.982	386.957	434.481
<b>3. Eignir = Skuldir + Eigið fé</b> <b>Total assets = Total liabilities and equity</b>	<b>621.358</b>	<b>643.660</b>	<b>709.102</b>	<b>785.922</b>	<b>829.718</b>	<b>953.378</b>	<b>1.046.551</b>
<b>4. Skuldir / Debts</b>	<b>359.370</b>	<b>374.921</b>	<b>412.264</b>	<b>430.166</b>	<b>496.221</b>	<b>519.671</b>	<b>542.106</b>
4.1 Skammtímaskuldir / Current liabilities	109.389	85.635	101.790	88.198	118.203	113.709	159.037
4.2 Langtímaskuldir / Long term liabilities	249.980	289.286	310.474	341.969	378.018	405.962	383.069
<b>5. Eigið fé / Equity</b>	<b>261.989</b>	<b>268.739</b>	<b>296.838</b>	<b>355.756</b>	<b>333.497</b>	<b>433.707</b>	<b>588.685</b>
6. Veltufjárhlutfall / Current ratio	1,09	1,22	1,06	1,27	0,96	1,32	1,01
7. Eiginfjárhlutfall / Equity ratio	42,2	41,8	41,9	45,3	40,2	45,5	56,3

**Skýringar:** Upplýsingar um efnahagsfirlit eru notaðar svo til óbreyttar frá RSK árin 2016–2018 og árin 2021–2022. Árin 2019–2020 er úrtak Hagstofunnar notað og blásið upp til heildar með heildartekjum í sjávarútvegi alls. Tilfærslur upp á 137 milljarða verða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum árið 2022.

**Notes:** Mostly unadjusted balance sheet from RSK 2016–2018 and 2021–2022. This register is a standardised register of annual accounts and submitted to tax authorities. In 2019–2020 a sample is gathered by Sstatistics Iceland and expanded to full capacity of the fisheries industry. Nearly 136 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.

**Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2022**

Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2022

Verg hlutdeild Share of capital gross	Fjöldi eininga í úrtaki Number of establishments in the sample	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % Share of sample in turnover, %	Meðalvelta, milljónir króna Average turnover per establishment, million ISK
<b>Alls Total</b>	<b>44</b>	<b>100</b>	<b>2.827</b>
< 0%	1	2,5	3.093
0 - 5%	9	10,0	1.384
5 - 10%	9	11,2	1.544
10 - 15%	7	13,9	2.466
15 - 20%	3	5,6	2.333
20 - 25%	5	6,1	1.529
> 25%	10	50,6	6.289

**Skýringar Notes:** Deildir sem frystu botnfisk 2022. Establishments freezing demersal species in 2022.

**Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2022**

Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2022

Verg hlutdeild Share of capital gross	Fjöldi eininga í úrtaki Number of establishments in the sample	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, % Share of sample in turnover, %	Meðalvelta, milljónir króna Average turnover per establishment, million ISK
<b>Alls Total</b>	<b>23</b>	<b>100,0</b>	<b>1.343</b>
< -5%	2	1,7	263
-5 - 0%	2	4,2	655
0 - 5%	3	16,1	1.656
5 - 10%	6	12,3	633
10 - 15%	3	6,4	657
15 - 20%	4	48,2	3.723
20 - 25%	–	–	–
> 25%	3	11,1	1.145

**Skýringar Notes:** Deildir sem söltuðu botnfisk 2022. Establishments salting demersal species in 2022.

**Tafla 7. Dreifing afkomu 859 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2022**

Table 7. Profit distribution in fishing and fish processing of 859 enterprises in the sample 2022

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum Net profit as a percentage of revenue	Fjöldi fyrirtækja Number of enterprises	Hlutdeild í veltu allra í úrtaki Share of sample in turnover (%)	Meðalvelta, millj. kr. Average turnover per establishment, million ISK	Hlutfall tekna af útgerð tekna af útgerð Share of fishing in total revenue, %	Hlutfall tekna af útgerð frystitogara Share of freezer trawlers in total rev., %	Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum Gross share of capital as a perc. of Revenue %	Eiginfjár- hlutfall Equity ratio %
<b>Alls Total</b>	<b>859</b>	<b>100,0</b>	<b>519</b>	<b>40,8</b>	<b>10,5</b>	<b>23,1</b>	<b>51,5</b>
< -10	200	0,5	12	100,0	0,0	-24,6	-3,7
-10–-5	38	0,2	24	100,0	0,0	12,1	28,7
-5–0	58	1,2	96	15,8	0,0	0,7	15,6
0–5	105	8,3	351	12,5	0,0	5,0	46,4
5–10	81	6,3	346	36,1	0,0	8,9	37,5
10–15	82	8,5	462	61,9	40,5	14,7	53,7
15–20	68	20,4	1.337	40,1	6,7	18,8	35,9
20–25	55	10,5	853	48,7	18,3	25,1	56,2
>25	172	44,1	1.143	40,9	8,5	33,0	59,7

**Skýringar Notes:** Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.

**Tafla 8. Dreifing eiginfjárlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2021–2022**

Table 8. Distribution of equity ratio in all enterprises in the sample 2021–2022

Eiginfjárlutfall Equity ratio	Fjöldi eininga í úrtaki Number of establishments in the sample	Eiginfjár- hlutfall (%) Equity ratio (%)	Hlutdeild í eignum (%) Share of total assets (%)	Hlutdeild í tekjum (%) Share of operating revenue (%)
<b>2022</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>859</b>	<b>51,5</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
< -100	51	-200,5	0,0	0,2
-75– -100	16	-90,0	0,0	0,0
-50– -75	15	-62,0	0,0	0,2
-25– -50	37	-37,1	0,1	0,2
0– -25	357	-4,0	2,2	5,2
0–25	112	17,5	5,4	9,1
25–50	98	39,5	39,3	37,4
50–75	104	64,4	46,7	41,4
>75	69	83,9	6,2	6,2
<0	475	-9,5	2,4	5,8
0>	383	53,0	97,6	94,2
<b>2021</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>666</b>	<b>49,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
< -100	56	-247,6	0,0	0,2
-75– -100	12	-89,0	0,0	0,4
-50– -75	23	-58,7	0,1	0,1
-25– -50	30	-35,8	0,0	0,3
0– -25	297	9,2	5,5	9,2
0–25	78	36,2	55,3	53,2
25–50	96	39,5	48,8	43,7
50–75	87	61,4	38,5	36,6
>75	65	82,2	7,0	9,5
<0	331	-14,9	1,7	3,6
0>	335	50,1	98,3	96,4

**Skýringar Notes:** Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárlutfalls. Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.

**Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2022**

Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2022

Milljónir króna Million ISK	Fiskveiðar Fishing	Fiskvinnsla Fish processing	Sjávarútvegur <sup>1</sup> Fishing industry <sup>1</sup>
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>204.672</b>	<b>327.493</b>	<b>322.792</b>
1.1 Útflutningstekjur <i>Export products</i>	48.116	274.676	322.792
1.2 Seldur afli – Selt hráefni <i>Domestic sale of fresh fish</i>	146.885	34.357	–
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	9.671	18.460	0
<b>2. Aðföng alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>83.226</b>	<b>218.268</b>	<b>120.252</b>
2.1. Hráefni <i>Raw material</i>	–	168.986	-12.256
2.2 Rafmagn <i>Electricity</i>	–	6.451	6.451
2.3 Olíur <i>Oil</i>	23.010	–	23.010
2.4 Tryggingar <i>Insurance</i>	1.763	405	2.167
2.5 Umbúðir <i>Packaging</i>	753	15.570	16.322
2.6 Flutningskostnaður <i>Transportation costs</i>	1.552	6.480	8.032
2.7 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	11.757	7.751	19.508
2.8 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	7.409	–	7.409
2.8 Önnur aðföng <i>Other intermediate consumption</i>	36.984	12.626	49.610
<b>3. Vinnsluvirði <i>Value added (3=1.-2.)</i></b>	<b>121.446</b>	<b>109.225</b>	<b>202.540</b>
4. Laun og tengd gjöld <i>Compensation of employees</i>	71.126	40.079	111.205
5. Skattar á framleiðslu <i>Taxes on production</i>	–	–	–
<b>6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) <i>Share of capital, gross</i></b>	<b>50.320</b>	<b>69.146</b>	<b>119.466</b>
<b>Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i></b>	<b>24,6</b>	<b>21,1</b>	<b>37,0</b>
7. Afskriftir <i>Depreciation</i>	8.801	7.272	16.074
8. Rekstrarafgangur <i>Operating surplus (8.=6.-7.)</i>	41.519	61.874	103.392
9. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	7.255	8.059	15.313
<b>10. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Net profit (10.=8.-9.)</i></b>	<b>34.264</b>	<b>53.815</b>	<b>88.079</b>
<b>Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i></b>	<b>16,7</b>	<b>16,4</b>	<b>27,3</b>
11. Árgreiðsla 6% <i>Imputed cost of capital 6%</i>	23.659	10.916	34.575
<b>12. Hreinn hagnaður <i>Profit (12.=6.-11.)</i></b>	<b>26.661</b>	<b>58.230</b>	<b>84.891</b>
<b>Hlutfall af tekjum <i>Percentage of revenue</i></b>	<b>13,0</b>	<b>17,8</b>	<b>26,3</b>

<sup>1</sup> Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

**Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2022**

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2022

Milljónir króna Million ISK	Samtals <sup>1</sup> Total	Þar af: <sup>2</sup> Strandveiði- siglingar Costal fishing	Bátar undir 10 b.t. Boats less than 10 GT
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>6.939</b>	<b>4.848</b>	<b>2.091</b>
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	6.693	4.726,8	1.966
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	246	121	125
<b>2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>5.713</b>	<b>3.996</b>	<b>1.716</b>
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	1.006	600	406
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	–	–	–
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	117	61,7	55
2.4 Olíur <i>Oil</i>	274	0	274
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	37	9	28
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	464	424	39
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>			
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	384	283	101
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	1	–	–
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	139	99	40
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	175	0	175
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>		–	0
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	2	–	2,3
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	3.113	2.519	594
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>1.226</b>	<b>852</b>	<b>374</b>
<b><i>Share of capital, gross</i></b>	<b>17,7</b>	<b>17,6</b>	<b>17,9</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>			
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>	658	543	116
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	161	125	37
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i></b>	<b>729</b>	<b>185</b>	<b>544</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	10,5	3,8	26,0
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	1.313	1.138	175
<b>8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i></b>	<b>-87</b>	<b>-953</b>	<b>369</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	-1,3	-19,7	17,6

**Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2022 (frh.)**

Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2022 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Samtals <sup>1</sup> Total	Þar af: <sup>2</sup> Strandveiði- siglingar Costal fishing	Bátar undir 10 b.t. Boats less than 10 GT
<b>Upplýsingar um skip Characteristics of vessels</b>			
Fjöldi Fleet – number of vessels	768	615	153
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) Fleet – average GT	6	6	6
Skráð lengd (metrar – meðaltal) Fleet – average length	9	9	9
Vélarstærð (kW) Fleet – average kW	136	135	136
Meðalsmiðaaár Fleet – building year	1989	1990	1989
Vátryggingaverðmæti, milljónir króna Insurance value, million ISK	11.004	9.540	1.465
<b>Afli, þúsund tonn Volume, thousand tonnes</b>			
Þorskur Cod	14,1	11,0	3,1
Ýsa Haddock	0,3	0,0	0,2
Ufsi Saithe	2,5	1,5	1,0
Karfi Redfish	0,1	0,1	0,0
Annað Other	2,3	0,0	2,3
<b>Verðmæti, milljónir kr. Value, million ISK</b>			
Þorskur Cod	6.693	4.727	1.966
Ýsa Haddock	5.653	4.415	1.238
Ufsi Saithe	101	8	93
Karfi Redfish	501	274	227
Annað Other	42	0	42
Annað Other	395	29	366

**Skýringar:** Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar.**Notes:** Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.

Rekstraryfirlit 615 strandveiðibáta. The operating accounts of 615 costal boats



**Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 b.t. og báta>30-200 b.t. 2022**

Table 12. Operating accounts of boats&gt;10-30 GT and boats&gt;30-200 GT 2022

Milljónir króna Million ISK	Samtals <sup>1)</sup> Bátar >10-200 b.t. Boats >10-200 GT	Bátar >10-30 b.t. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 b.t. Boats >30-200 GT
<b>1. Tekjur alls <i>Operating revenues</i></b>	<b>31.559</b>	<b>21.985</b>	<b>9.574</b>
1.1 Seldur afli Catches	–	–	–
1.2 Selt hráefni <i>Fresh fish for processing</i>	29.311	19.987	9.324
1.3 Aðrar tekjur <i>Other income</i>	2.248	1.998	250
<b>2. Gjöld alls <i>Operating expenses</i></b>	<b>24.825</b>	<b>16.925</b>	<b>7.900</b>
2.1 Aflahlutir <i>Fishermen's shares</i>	8.299	6.345	1.954
2.2 Önnur laun <i>Other wages</i>	1.079	–	1.079
2.3 Launatengd gjöld <i>Labour related costs</i>	1.462	960	502
2.4 Olíur <i>Oil</i>	1.261	630	631
2.5 Veiðarfæri <i>Fishing gear</i>	1.587	327	1.259
2.6 Viðhald <i>Maintenance and repair</i>	1.615	1.081	534
2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. <i>Packaging and freezing cost</i>	–	–	–
2.8 Flutningskostnaður <i>Transportation cost</i>	357	246	111
2.9 Laun v/skrifstofu <i>Salaries</i>	103	87	16
2.10 Skrifstofukostnaður <i>Overhead cost, excluding salaries</i>	783	635	148
2.11 Tryggingar <i>Insurance</i>	323	87	235
2.12 Sölu­kostnaður <i>Sales cost</i>	215	–	215
2.13 Löndunarkostnaður <i>Landing cost</i>	546	366	180
2.14 Önnur gjöld <i>Other expenses</i>	7.195	6.160	1.035
<b>3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)</b>	<b>6.734</b>	<b>5.060</b>	<b>1.674</b>
<i>Share of capital, gross</i>	21,3	23,0	17,5
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	755	575	180
4. Afskriftir <i>Depreciation</i>			
5. Vextir og gengismunur <i>Interest and exchange rate adjustments</i>	2.167	1.959	208
<b>6. Hreinn hagnaður (EBT) <i>Profit (6.=3.-4.-5.)</i></b>	<b>3.812</b>	<b>2.526</b>	<b>1.286</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	12,1	11,5	13,4
7. Árgreiðsla, 6% <i>Imputed cost of capital, 6%</i>	1.855	1.091	764
<b>8. Hreinn hagnaður <i>Profit (8.=3.-7.)</i></b>	<b>4.878</b>	<b>3.968</b>	<b>910</b>
Hlutfall af tekjum <i>Percent of revenue</i>	15,5	18,1	9,5

**Tafla 12. Rekstraryfirlit báta>10-30 b.t. og báta>30-200 b.t. 2022 (frh)**

Table 12. Operating accounts of boats&gt;10-30 GT and boats&gt;30-200 GT 2022 (cont.)

Milljónir króna Million ISK	Samtals Bátar >10-200 b.t. Total Boats >10-200 GT	Bátar >10-30 b.t. Boats >10-30 GT	Bátar >30-200 b.t. Boats >30-200 GT
<b>Upplýsingar um skip Characteristics of vessels</b>			
Fjöldi Fleet - number of vessels	224	188	36
Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) Fleet – average GT	31	17	24
Skráð lengd (metrar – meðaltal) Fleet – average length	14	12	13
Vélarstærð (kW) Fleet – average kW	281	261	271
Meðalsmíðarár Fleet – Building year	1996	1998	1997
Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) Insurance value (million ISK)	15.543	9.143	6.400
<b>Afli, þúsund tonn Volume, thousand tonnes</b>	<b>90,9</b>	<b>55,1</b>	<b>35,7</b>
Þorskur Cod	58,8	46,0	12,8
Ýsa Haddock	12,1	9,1	3,0
Ufsi Saithe	2,8	0,0	2,8
Karfi Redfish	0,6	–	0,6
Humar Lobster	–	–	–
Rækja Shrimp	0,3	–	0,3
Síld Herring	–	–	–
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	–	–	–
Loðna Capelin	–	–	–
Kolmunni Blue withing	–	–	–
Makrill Mackerel	0,1	–	0,1
Annað Other	16,1	–	16,1
<b>Verðmæti, milljónir kr. Value, million ISK</b>	<b>29.315</b>	<b>15.926</b>	<b>13.389</b>
Þorskur Cod	20.442	12.950	7.492
Ýsa Haddock	4.455	2.704	1.750
Ufsi Saithe	577	131	446
Karfi Redfish	221	141	80
Humar Lobster	–	–	0
Rækja Shrimp	72	–	72
Síld Herring	–	–	–
Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring	–	–	–
Loðna Capelin	–	–	–
Kolmunni Blue withing	–	–	–
Makrill Mackerel	22	–	22
Annað Other	3.527	–	3.527

**Skýringar:** Hér eru taldir veiðar allra báta >10 -30 b.t. og báta >30-200 b.t.**Notes:** Included here are all fishing of small boats >10 -30 GT and boats >30-200 GT

## Hagtíðindi Sjávarútvegur

Statistical Series *Fisheries*

108 árg. ♦ 8. tbl. 20. desember 2023

ISSN 1670-4770 Umsjón *Supervision*

Gyða Þórðardóttir ♦ [gyda.thordardottir@hagstofa.is](mailto:gyda.thordardottir@hagstofa.is)

Atli Páll Helgason ♦ [atli.p.helgason@hagstofa.is](mailto:atli.p.helgason@hagstofa.is)

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* ♦ Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

[www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is) ♦ [www.statice.is](http://www.statice.is)

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.

*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*